
35. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 23. mars 2017 kl. 16:00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skóladagatal og viðmiðunarstundaskrá 2017-2018
2. Vordagar
3. Vinaliðar og vinna með einelti
4. Önnur mál

1. Skóladagatal og viðmiðunarstundaskrá 2017-2018

Það er komin auka tímaúthlutun í Suðurbæjarsundlaug, vegna sundkennslu fyrir næsta skólaár. Í vor verða haldin sundnámskeið fyrir yngstu stigin í Lækjarskólalaug. Nemendur í 1. bekk hafa verið í sundkennslu sem nemur annarri hverri viku og á móti fá þau samfellda kennslu á sundnámskeiði í vor til að uppfylla tíma í viðmiðunarstundaskrá. Sundkennarar hafa reynslu af góðum árangri af slíkum námskeiðum. Skóladagatal 2017-2018. Á þessu skólaári hefur foreldraviðtölum verið dreift á heila viku eftir kennslu á sitt hvorri önninni í stað þess að hafa þau á heilum dögum. Reynsla af þessu verður skoðuð fyrir næsta skólaár. Ákveðið hefur verið að 25. nóvember 2017 verði Piparkökudagur Foreldrafélagsins.

2. Vordagar

Vorhátíðin verður 19. maí 2017. Sameiginlegur tiltektardagur hefur ekki verið dagsettur.

3. Vinaliðar og vinna með einelti

Námsráðgjafi mætti á fundinn. Hún fjallaði um að námsráðgjafar hafi verið að skoða og vinna með samskipti, líðan og einelti. Námsráðgjafar eru að ganga í bekk í miðstigi og unglíngastigi með kynningu varðandi samskipt o.fl. Þar er meðal annars farið yfir mun á samskiptavanda og einelti og skilgreiningu á hvoru fyrir sig. Eineltishringurinn hefur verið kynntur. Samskiptanámskeið er í gangi á miðstigi. Námsráðgjafar hafa verið að hitta alla nemendur í 4. til 6. bekk. Lagt var til að hafa bekkjarfundi sem stýrt væri af kennurum, þar sem áherslan væri lögð á að þjálfa sig í að hlusta hvert á annað. Slíkt væri góð forvörn sem bætt gæti bekkjaranda. Eineltisteymi hittist einu sinni í mánuði. Námsráðgjafar hafa verið að skoða og yfirfara eineltisstefnu skólans sem þeir telja góða. Þeir hafa skoðað þau eineltismál sem hafa komið upp og eru þau í farvegi. Tillaga kom um að búa til valfag þar sem unnið væri með jafningjastuðning og var henni vísað til deildarstjóra unglíngastigs. Vinaliðaverkefni. Viðræður hafa staðið yfir milli foreldra og skólastjóra þar sem áhugi er á að innleiða verkefnið í Lækjarskóla. Tengslakannanir. Þær eru gerðar af námsráðgjafa en þar eru skoðuð tengsl nemenda innan bekkjar.

4. Önnur mál

- Aðstoðarskólastjóri, kynnti niðurstöður nemendakönnunar sem gerð er af Skólapúlsinum.
- Varðandi mötuneyti nemenda þá hafa orðið breytinga í kjölfar viðræðna við Skólasak og tillagna nemenda og stjórnenda, en þær hafa því miður ekki allar gengið eftir. Stefnt er á að hitta aftur fulltrúa fyrirtækisins á næstu dögum.
- Búið er að breyta hádegisverðartíma hjá nemendum unglिंगadeildar. Nemendur eru ánægðir með breytinguna. Kennarar unglिंगadeildar tóku að sér vaktaskipti við gæslu á göngum í hádegishléinu.
- Fulltrúar foreldra spurðu hvort að mygla hefi komið fram í húsnæðinu þar sem húsið hefur lekið. Sýni hafa verið tekin og ekki komið fram mygla samkvæmt niðurstöðum.
Fram kom að við ræstingar hefur verið notað efni sem var af sérstök lykt, en búið er að skipta efninu út og lyktin finnst ekki lengur.
- Gryfjan í matsalnum er hættuleg, svo sem yfirvöldum Hafnarfjarðar hefur ítrekað verið kynnt og einnig er ákveðin hætta á því að þar geti komi upp óþrif.
- Ennþá er mikill húsnæðisvandi í skólanum.
- Næsti fundur skólaráðs verður haldinn 6. apríl kl. 8:00.

Fundi slitið kl. 09:50

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri
Helga Birna Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jórunn Kristín Fjelsted, fulltrúi foreldra
Geir Bjarnason, fulltrúi grendarsamfélags
Hildur Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara
Einar Örn Daníelsson, fulltrúi kennara
Birta Guðný Árnadóttir, fulltrúi nemanda
Guðrún Lilja Friðjónsdóttir, fulltrúi nemanda
Arna. B. Arnadóttir, aðstoðarskólastjóri

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir